

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Hólmsheiði, 2. áfangi, athafnasvæði – SN210147.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 10. júlí 2025, tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hólmsheiði, athafnasvæði, áfangi 2. Skipulagssvæðið er um 50 ha að stærð og afmarkast af Suðurlandsvegi og Hólmsá í suðri og væntanlegu athafnasvæði (áfangi 1) til austurs. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir stórum og fjölbreyttum atvinnulóðum, alls 6 talsins, undir ýmiss konar starfsemi sem fellur að markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur 2040. Áhersla er lögð á að halda í og skapa græna ímynd byggðar og umhverfis á svæðinu og skulu mannvirki, byggingar og önnur manngerð inngrip á lóðum búa yfir arkitektúr sem skapar sterka tengingu við aðliggjandi náttúru. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 17. september 2025.

Brynjar Þór Jónasson.

B deild - Útgáfudagur: 18. september 2025